

Moðreykur um Múhammeðstrú og djöfulsleikar í Miðausturlöndum. VI: Tvöfeldni Ísraels- og Bandaríkjamanna

Bandaríkin studdu við bakið á Ísrael við njósnir og inngrip í nágrannalönd eins og Egyptaland og Jemen. Þar beittu Ísraelsmenn fyrir sig Gyðingum frá Jemen, sem flust höfðu til Ísraels. Jemens-Gyðingarnir höfðu veg og vanda af því að þjálfa uppreisnarmenn gegn yfirvöldum.

Ísraelsmenn eru margfaldir í roðinu og ekki allir, þar sem þeir eru séðir. Þeir áttu samvinnu við kristna ofsatrúarmenn, Falangista, í Líbanon, leyniþjónustu Jórdana og Bræðralag Múhameðstrúarmanna. Ísraelsmenn studdu Írana og seldu þeim vopn í stríðinu gegn Írak. Þeir studdu líka íslamskt staðgengilsstríð (mujahideen – Operation Cyclone) Bandaríkjamanna í Afganistan.

Bandaríkjamenn tóku þátt í stofnun Taliban-Wahhabi hreyfingarinnar í Afganistan og fjármögnuðu hana að hluta, m.a. í þeirri viðleitni að tryggja lögn olíuleiðslu frá Túrkménistan um Afganistan.

Í þessum jarðvegi, þ.e. stuðningi Bandaríkjamanna við Taliban 1994-1998 og arabískra bandamanna, skaut Alkæda (Al Qaida) rótum, undir forystu CIA-liðsmannsins, Osama bin Laden. (Eiginlega merkir Al Qaida einungis tölvugagnagrunn (computer database.)

Osama og félagar þjálfuðu aragrúa stríðsmanna, bæði innan Bandaríkjanna og utan. Fjöldi múslímaríkja tæmdu fangelsi sín af óþokkum og sendu til Afganistan. (Það gerðu síðar Úkraínumenn og Rússar.) Þessum óþokkaher sínum hafa Bandaríkin beitt víða um Asíu, Afríku og í Úkraínu.

Robin Cook (1946-2005), fyrrverandi utanríkismálaráðherra Breta, sagði: „Bin Laden var ... afkvæmi gríðarlegs dómgreindarleysis leyniþjónustna Vesturlanda. Á níunda áratugi síðustu aldar var Osama vopnum væddur af CIA og fjármagnaður til heilags stríðs á vegum Sádí-Araba gegn Rússum í Afganistan.“

Franski leyniþjónustumaðurinn, Pierre-Henri Bunuel (f. 1952), segir: „Þegar Osama bin Laden starfaði fyrir Leyniþjónustu Bandaríkjanna í Afganistan, kom Al Qaida netið að góðum notum við að senda leynileg skilaboð eða dulkóðuð. Sannleikurinn er sá, að það er enginn her eða hryðjuverkasveit, sem ber þetta nafn. Og allir vakandi leyniþjónustumenn vita þetta.“

Hann bætir við: „En það á sér stað áróðursherferð í því skyni að telja almenningi trú um að til sé hreyfing (identified entity), sem er fulltrúi „djöfulsins.“ [Þannig] á að öðlast stuðning sjónvarpsáhorfenda við sameinaða, alþjóðlega forystu í stríði gegn

hryðjuverkum. Það eru Bandaríkjamenn, sem standa á bak við þennan áróður og það vakir einungis fyrir þrýstihópum í þágu stríðs gegn hryðjuverkum að græða peninga.“

Það fylgir sögunni, að Pierre-Henry Bunuel var dreginn fyrir leynilegan dómstól franska hersins.